



# Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2019

---

Mái 2020

## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Útgáfa	11
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Veggspjald	11
Fjárhagur	5	Konur og karlar	11
Starfsfólk	5	Enskur bæklingur um stjórnáslu jafnréttismála	11
Eftirlit	6	Réttur þinn – upplýsingar fyrir innflytjendur	12
Ráðgjöf og aðstoð	8	Vefsíða	12
Erindi frá einstaklingum	8	<b>Samstarfsverkefni</b>	<b>13</b>
Umsagnir um þingmál	8	Break Free from Gender Stereotypes	13
<b>Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir</b>	<b>8</b>	Byggjum brýr, brjótum múra – samvinna í heimilisofbeldismálum	13
Beiðni um upplýsingar/viðtöl	8	Karlar í hjúkrun	14
Erindi og greinar	8	Kynjajafnrétti á norðurslóðum	14
Móttaka gesta	8	Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal	14
Kynningarfundir	8	Women making waves	14
Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga	9	<b>Annað samstarf</b>	<b>15</b>
Aðrir fundir	9	Alþjóðlegi jafnréttisskólinn	15
Námskeið	10	Jafnréttisfulltrúar Stjórnarráðsins	15
Rannsóknir	10	Jafnréttisráð	15
		Sjávarútvegsskóli Próunarsamvinnumiðstöðvar	
		UNESCO á Íslandi	15
		Samstarfshópar	15

## Ávarp framkvæmdastjóra

Starfsemi Jafnréttisstofu var með hefðbundnum hætti á árinu 2019. Þó má segja að aukin áhersla hafi verið lögð á endurskoðun innra starfs ekki síst vegna tilkomu nýrra verkefna á árinu 2018 vegna skyldu fyrirtækja og stofnana til að öðlast jafnlaunavottun sem og tilkomu nýrra laga um jafna meðferð, annars vegar á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu og hins vegar utan vinnumarkaðar óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Tveimur stórum Evrópuverkefnum sem stofnunin sinnti lauk á árinu. Annað verkefnið var unnið í samstarfi við Eistland og Litháen og snerist um að vinna gegn kynbundnum staðalmyndum í náms- og starfsvali. Afurðir verkefnisins eru m.a. leikin sjónvarpsþáttasería og útvarpsþættir. Hvort tveggja er aðgengilegt á heimasíðu Jafnréttisstofu.


Hitt verkefnið laut að heimilisofbeldismálum. Jafnréttisstofa stýrði samstarfi við dómsmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Ríkislögreglustjóra, þrjú lögregluembætti sem og sveitarfélögin Akureyrarbæ og Reykjavíkurborg. Eftir liggur mikið efni í formi vitundarvakningarmyndbanda, útvarpsþátta og netnámskeiðs fyrir fagfólk.

Endurskoðun núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur staðið yfir frá því í lok árs 2017 undir forystu velferðarráðuneytis og síðar forsætisráðuneytis eftir að málaflókkurinn fluttist milli ráðuneyta. Starfsfólk Jafnréttisstofu hefur tekið virkan þátt í endurskoðunarvinnunni og lagt til reynslu sína og þekkingu af því að vinna með lögin í þau rúmu tíu ár sem þau hafa gilt.

Að lokum er vert að geta þess að Jafnréttisstofa fékk þann heiður að mega kalla sig fyrirmyndarstofnun á árinu 2019 vegna góðrar útkomu úr könnuninni Stofnun ársins sem stéttarfélagið Sameyki stendur fyrir árlega. Þessi góða niðurstaða endurspeglar svo sannarlega það góða samstarf og starfsanda sem ríkir hjá starfsfólki Jafnréttisstofu.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir,  
framkvæmdastjóri



## Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjningu.

Hlutverk Jafnréttisstofu eru skilgreind í 4. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verkefni stofnunarinnar eru m.a. að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti,
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknnum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Í ársbyrjun 2019 fluttist Jafnréttisstofa undir yfirstjórn forsætisráðherra.

## Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	118.066.827
Sértekjur	29.573.466
Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur)	956.332
Laun og launatengdur kostnaður	106.801.083
Húsnæði	12.173.850
Annar kostnaður	26.986.112

## Starfsfólk

Níu manns, 6 konur og 3 karlar, í 8,4 stöðugildum störfuðu hjá Jafnréttisstofu á árinu.

Nafn	Starfsheiti	Ráðningarár
Arnfríður Aðalsteinsdóttir	sérfræðingur	2008
Bergljót Prastardóttir	sérfræðingur/sviðsstjóri	2008
Fríða Rós Valdimarsdóttir	sérfræðingur	2017, tímabundin ráðning til 31.8.2019
Hjalti Ómar Ágústsson	sérfræðingur	2018, tímabundin ráðning til 28.2.2019
Hugrún R. Hjaltadóttir	sérfræðingur	2005
Jón Fannar Kolbeinsson	lögfræðingur/sviðsstjóri	2018
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	framkvæmdastjóri	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir	sérfræðingur	2018
Tryggvi Hallgrímsson	sérfræðingur	2009
Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir	rekstrarstjóri	2017

## Eftirlit

### Jafnlaunavottun

Þann 1. janúar 2018 tók gildi breyting á lögum nr. 10/2008 sem fól í sér skyldu fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að öðlast vottun á jafnlaunakerfum sem uppfylla kröfur staðalsins ÍST 85. Hlutverk Jafnréttisstofu felst í því að veita þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hlotið hafa vottun heimild til að nota jafnlaunamerki og einnig að halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa vottun. Í árslok 2019 voru 135 fyrirtæki og stofnanir á skrá Jafnréttisstofu. Alls var 104 fyrirtækjum og stofnunum veitt heimild til að nota jafnlaunamerkið á árinu. Þar af voru 7 fyrirtæki og stofnanir sem fengu endurnýjun á heimild.

Með reglugerðarbreytingu í nóvember 2018 var Jafnréttisstofu falið að veita bráðabirgðastarfsleyfi til vottunarstofa. Á árinu 2019 störfuðu 3 vottunarstofur skv. bráðabirgðastarfsleyfi frá Jafnréttisstofu.

Jafnréttisstofa hefur fylgst vel með framgangi og stjórnáætlun vegna jafnlaunavottunar. Í september sendi stofnunin út bréf til samtaka aðila vinnumarkaðarins þar sem óskað var eftir upplýsingum um framkvæmd eftirlits með jafnlaunavottun. Í kjölfarið sendi stofnunin minnisblað til forsætisráðherra þar sem niðurstöður voru kynntar.

### Jafnréttisáætlanir

Eftirlit Jafnréttisstofu felst m.a. í innköllun jafnréttisáætlana frá fyrirtækjum og stofnunum með 25 starfsmenn eða fleiri á þriggja ára fresti og frá sveitarfélögum á fjögurra ára fresti. Einnig kallar Jafnréttisstofa reglulega eftir skýrslum um stöðu og framgang mála frá þessum sömu aðilum.

Í mars hófst innköllun á jafnréttisáætlunum frá sveitarfélögum sem náði til 72 sveitarfélaga. Tæp 60% (43) hafa skilað fullgildum áætlunum, rúm 30% (22) eru enn að vinna í sínum áætlunum og um 10% (7) hafa ekki brugðist við erindinu eða telja sig ekki þurfa að setja sér jafnréttisáætlun.

Í september var kallað eftir jafnréttisáætlunum frá 74 fyrirtækjum með 150-249 starfsmenn. Um 65% (48) fyrirtækjanna skiluðu fullgildum áætlunum, rúm 13% (10) fengu frest til að bregðast við athugasemdum Jafnréttisstofu og tæp 22% (16) hafa ekki svarað erindinu.

Í desember var röðin komin að tónlistarskólunum. Innköllunin náði til 66 skóla og hafa 73% (48) skilað Jafnréttisstofu umbeðnum gögnum. Átján skólar eru enn að vinna í sínum áætlunum eftir að hafa fengið ábendingar frá Jafnréttisstofu.

Einnig hófst í desember innköllun á jafnréttisáætlunum frá 32 framhaldsskólum. Um 66% (21) skólanna hafa skilað umbeðnum gögnum 9% (3) fengu frest en 56% (18) skólar hafa ekki brugðist við erindinu.

Töluvert er um að fyrirtæki og stofnanir í vottunarferli sendi Jafnréttisstofu jafnréttisáætlanir sínar til yfirlestrar og ráðgjafar. Auk þess hefur Jafnréttisstofa kallað eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirtækjum og stofnunum sem hafa öðlast vottun án þess að vera með fullgildar áætlanir.

## **Pátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum**

Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 skal við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Jafnréttisstofa kannar árlega stöðuna á nefndaskipan stjórnarráðsins.

### **Nefndaskipan stjórnarráðsins**

Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á undanförunum árum hefur verið nokkuð jafnt og innan þeirra marka sem löggjöfin setur. Árið 2016 var hlutfall kvenna 46% og karla 54%, ári síðar 2017 var hlutfallið 48% konur og 52% karlar og var hið sama árið 2018. Staðan er ólík milli ráðuneyta en á heildina litið ná þau öll viðmiðunarhlutfallinu 40-60%.

Nánari greiningu má sjá í samantekt sem Jafnréttisstofa gerði fyrir skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2020, á blaðsíðu 83: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7f13c41c-5323-11ea-9455-005056bc530c>

### **Nefndaskipan sveitarfélaga**

Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar vorið 2018 og Jafnréttisstofa kallaði af því tilefni eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum um kynjaskiptingu í fastanefndum. Nokkurn tíma tók að innheimta svör en þegar málinu var lokað haustið 2019 höfðu fengist upplýsingar frá 64 af 73 sveitarfélögum. Staðan er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum en þegar litið er til landsins alls var kynjahlutfallið nokkuð jafnt. Karlar voru á heildina litið 49% aðalfulltrúa í fastanefndum og konur 51%. Sama hlutfall var meðal varafulltrúa og einnig meðal formanna nefnda.

Nánari greiningu má sjá í samantekt: [https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/skyrsla-jafnrattisstofu-um-nefndir-og-rad-a-vegum-sveitarfelaganna-2018.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-jafnrattisstofu-um-nefndir-og-rad-a-vegum-sveitarfelaganna-2018.pdf)

## Ráðgjöf og aðstoð

### Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 23 beiðnir um ráðgjöf frá einstaklingum sem töldu brotið á sér skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Mikill meirihluti erindanna snerist um kyn.

### Umsagnir um þingmál

Alls voru sendar til Alþingis sjö umsagnir um þingmál. Sjá nánar: <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/umsagnir-um-thingmal>

## Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

### Beiðni um upplýsingar/viðtöl

Starfsfólk Jafnréttisstofu tók við á þriðja tug beiðna frá innlendum og erlendum aðilum um upplýsingar um málefni á starfssviði stofnunarinnar.

### Erindi og greinar

Starfsfólk Jafnréttisstofu er á ári hverju með tugi innleggja í formi ávarpa, erinda, fræðslu og fundastjórnunar á fundum, málþingum, námskeiðum og ráðstefnum innan lands sem utan. Þá ritaði starfsfólk einnig greinar sem birtar voru á heimasíðu stofnunarinnar sem og í fjölmiðlum.

### Móttaka gesta

Starfsfólk Jafnréttisstofu tók á móti 11 beiðnum um heimsóknir. Flestar voru frá erlendum aðilum sem vildu kynnast starfsemi stofnunarinnar og fræðast um jafnréttismál á Íslandi.

### Kynningarfundir

#### Lög um jafna meðferð

Fjórir formlegir kynningarfundir voru haldnir á lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Fundirnir voru haldnir í Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi og voru opnir öllum. Fulltrúar sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðunum voru sérstaklega hvattir til að sækja fundina.

#### Staðalmyndir kynjanna

Einnig voru haldnir fjórir fundir í sömu byggðarlögum þar sem starfsfólki leik- og grunnskóla voru kynntar afurðir Evrópuverkefnis um staðalmyndir kynjanna og kynbundið náms- og



starfsval (Break Free from Gender Stereotypes). Þá var einnig haldin ráðstefna á Akureyri um sama efni og kennarar af leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sögðu frá jafnréttiskennslu og verkefnum sem unnin hafa verið í þeirra skólum og gætu nýst öðrum.

### **Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga**

Árlegur landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga var haldinn í Garðabæ dagana 4.-5. september í samvinnu Garðabæjar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofu. Yfirskrift fundarins var jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál. Fyrri daginn var áhersla lögð á vinnustofur, annars vegar um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni og hins vegar um kynjasambættingu með áherslu á kynjaða fjárhagsáætlanagerð. Síðari daginn kynntu Garðabæingar jafnréttisstarf á vegum sveitarfélagsins auk þess sem fulltrúar sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga ræddu um jafnréttishlutverk sveitarfélaga út frá ýmsum sjónarhornum.

Skráðir fundargestir voru 86 talsins, 70 konur og 16 karlar.

### **Aðrir fundir**

Jafnréttisstofa var samstarfsaðili í þremur opnum fundum sem haldnir voru í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars.

*Pegar konur segja frá #metoo og kraftur samstöðunnar.* Hádegisverðarfundur í samstarfi við ASÍ, BHM, BSRB, Kvenréttindafélag Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

*Hennar rödd.* Pallborðsumræður með konum af erlendum uppruna. Samstarf við Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og íslenska landsnefnd UN Women.

*Að bogna en brotna ekki. Áföll – Afleiðingar – Úrvinnsla.* Samstarf við Zontaklúbb Akureyrar og Zontaklúbbinn Þórunni hynu.

Þá var Jafnréttisstofa einnig samstarfsaðili Soroptimista, Zontaklúbbs Akureyrar og Zontaklúbbsins Þórunnar hynu í ljósagöngu sem haldin var 25. nóvember sem liður í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi.

## Námskeið

Á hverju ári heldur starfsfólk Jafnréttisstofu nokkurn fjölda sérsniðinna námskeiða fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Þar á meðal má nefna námskeið sem haldið var fyrir starfsfólk grunnskólanna í Fjarðabyggð og námskeið fyrir starfsfólk leikskólans á Vopnafirði.

Þess utan voru eftirtalin námskeið haldin:

*Konur taka af skarið.* Námskeið fyrir konur sem vilja hafa áhrif á verkalyðsbaráttuna og samfélagið. Haldið í samstarfi við AkureyrarAkademíuna, Starfsgreinasambandið og JCI Sprota. Námskeiðið var haldið á Ísafirði, Reykjavík, Selfossi og Borgarnesi.

*Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.* Námskeið haldið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál. Námskeiðið var kennt sem fjarnámskeið.

## Rannsóknir

Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu

Eitt af verkefnum Byggðaáætlunar sem nær til áranna 2018-2024 felst í því að skoða möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni. Jafnréttisstofa er framkvæmdaraðili verkefnisins og hófst undirbúningur þess á árinu. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2020.

## Útgáfa

### Veggspjald

Jafnréttisstofa útbjó veggspjald sem dreift var rafrænt til fyrirtækja og stofnana um land allt. Veggspjaldið var teiknað af Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og var það helgað kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum og var gefið út í samstarfi við Vinnueftirlitið.

### Konur og karlar

Árleg útgáfa á talnaefni í samstarfi við Hagstofu Íslands kom út 8. mars. Efnið er gefið út á íslensku og ensku.

[https://www.jafnretti.is/static/files/konurogkarlaraislandi\\_isl\\_ens/konur\\_og\\_karlar\\_2019.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/konurogkarlaraislandi_isl_ens/konur_og_karlar_2019.pdf)

[https://www.jafnretti.is/static/files/konurogkarlaraislandi\\_isl\\_ens/women\\_and\\_men\\_2019.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/konurogkarlaraislandi_isl_ens/women_and_men_2019.pdf)

### Enskur bæklingur um stjórnýslu jafnréttismála

Bæklingurinn var uppfærður og endurútfinn á árinu. Í honum er að finna helstu upplýsingar um jafnréttismál kynjanna á Íslandi.

[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/gender-equality-in-iceland-2019-endurutgafa.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/gender-equality-in-iceland-2019-endurutgafa.pdf)

Uppfærðar leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana fyrirtækja, stofnana, skóla og sveitarfélaga voru endurútfagnar. Þá voru forsendur mats á jafnréttisáætlunum einnig uppfærðar og birtar á vefsíðu stofnunarinnar.

[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/jafnrettisaaetlanir-uppfaersla-2019-a-baeklingi-jofnum-leikinn-hluti-baeklings.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/jafnrettisaaetlanir-uppfaersla-2019-a-baeklingi-jofnum-leikinn-hluti-baeklings.pdf)

[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/leidbeiningar-fyrirtaeki-og-stofnanir-uppfaersla-februar-2019.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/leidbeiningar-fyrirtaeki-og-stofnanir-uppfaersla-februar-2019.pdf)

[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid\\_efni/leidbeiningar-fyrir-grunnskola-2019.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/leidbeiningar-fyrir-grunnskola-2019.pdf)

<https://www.jafnretti.is/static/files/Leidbeiningar/jafnrettisaaetlanir-leidbeiningar-sveitarafelog-2019.pdf>

<https://www.jafnretti.is/static/files/Leidbeiningar/forsendur-mats-a-jafnrettisaaetlunum.pdf>

## Réttur þinn – upplýsingar fyrir innflytjendur

Bæklingurinn kom fyrst út 2010 og var endurskoðaður og endurútgefinn á árinu. Um er að ræða upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi um íslenskt samfélag og réttarkerfi, s.s. jafnan rétt og jafna stöðu kynja, dvalarleyfi, skilnað, forsjármál, umgengnisrétt, fjármál og ofbeldi. Bæklingurinn er gefinn út á arabísku, ensku, frönsku, pólsku, rússnesku, spænsku og tælensku.

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/arabiska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/enska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/franska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/polska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/russneska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/spaenska-islenska>

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/rettur-thinn/thailenska-islenska>

## Vefsíða

Fréttir og greinar á vefsíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) voru á árinu 52.

## Samstarfsverkefni

### Break Free from Gender Stereotypes

Á árinu lauk Evrópuverkefninu Break Free from Gender Stereotypes sem Jafnréttisstofa tók þátt í. Verkefnið var leitt af Skrifstofu framkvæmdastjóra jafnréttismála í Eistlandi og unnið í samstarfi við samstarfsaðila í Eistlandi og Litháen. Markmið verkefnisins var að brjóta upp hefðbundnar staðalmyndir kynjanna og kynbundið náms- og starfsval. Á vegum verkefnisins hafa voru gerðir 10 leiknir sjónvarpsþættir ætlaðir ungu fólki. Einnig voru gefnar út handbækur fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa, rafrænn gagnvirkur leikur og útvarpsþættir. Allt efnið er aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins <https://bre-ak.eu/is/>. Verkefnið var styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Á Íslandi voru framléiddir sérstakir útvarpsþættir í samstarfi við RÚV. Í þáttunum sem báru nafnið Allskyns skoðuðu Guðmundur Felixson og Hafdís Helga Helgadóttir allskyns störf, skoða hvers kyns þau eru og hvort kyn skipti þar einhverju máli. Þættirnir eru aðgengilegir á heimasíðu RÚV fram í október 2020.

Afurðir verkefnisins voru kynntar á ráðstefnu sem haldin var á Akureyri í maí. Einnig voru haldnir kynningarfundir í Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi.

### Byggjum brýr, brjótum múra – samvinna í heimilisofbeldismálum

Verkefnið hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgarétt. Það var unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Ríkislögreglustjóra, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Lögregluna á Norðurlandi eystra, Lögregluna á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Meginmarkmið verkefnisins var að uppræta ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi. Verkefnið hófst í apríl 2017 og lauk í september 2019. Í nafni verkefnisins stóð Jafnréttisstofa fyrir vitundarvakningu í formi myndbanda undir yfirskriftinni Þú átt VON þar sem sjónum var beint að þeim fjölda úrræða sem standa brotapolum og gerendum í heimilisofbeldismálum til boða. Vitundarvakningin fékk tilnefningu til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, í flokki almannauglýsinga ársins 2018. Myndböndin hafa verið þýdd og textuð yfir á ensku auk þess sem eitt þeirra hefur einnig verið þýtt og textað á pólsku.

Jafnréttisstofa framléiddi netnámskeið um heimilisofbeldi en það samanstendur af 13 myndböndum með fyrirlestrum fagfólks sem starfar í nánnum tengslum við fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu fagfólks um land allt á heimilisofbeldi og auðvelda svör við spurningum, til að mynda: Hvernig berum við kennsl á þolendur og gerendur? Hvernig skal bregðast við? Hvaða úrræði

eru fyrir hendi á Íslandi? Hverju þarf að huga að við vinnslu á málum er varða fatlað fólk, barnshafandi einstaklinga, fólk af erlendum uppruna, hinsegin fólk og einstaklinga af öðrum minnihlutahópum? Netnámskeiðin hlutu góða móttöku og hafa verið mikið notuð.

Loka viðburður verkefnisins var ráðstefnan Breaking the silence sem haldinn var þann 29. ágúst. Á ráðstefnunni var kynnt reynsla okkar Íslendinga að því að starfa þverfaglega að því að uppræta ofbeldi í nánnum samböndum auk þess sem farið var yfir niðurstöður verkefnisins og afurðir þessi.

Nálgast má útgefið efni og allar upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess [www.jafnretti.is/von](http://www.jafnretti.is/von).

## Karlar í hjúkrun

Jafnréttisstofa hefur verið í samstarf við norsku samtökin Reform um rannsókn á viðhorfum og vinnuumhverfi í hjúkrunarnámi á háskólastigi. Rannsóknarverkefnið hefur að markmiði að rannsaka aðferðir kennslu til að setja fram tillögur um leiðir til að auka hlut karla í hjúkrunarfræði og námi á sviðum heilbrigðisvísinda. Meðal þess sem rannsóknin skoðar er námsefni í hjúkrunarfræðinámi með sérstöku tilliti til myndefnis og staðalmynda. Aðrir samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Hrósarskeldu í Danmörku. Niðurstöðuskýrsla verður gefin út á árinu 2020.

## Kynjajafnrétti á norðurslóðum

Þriðji áfangi fjölþjóðlegs verkefnis um kynjajafnrétti á norðurslóðum hófst á árinu 2019 og er Jafnréttisstofa fulltrúi Íslands ásamt Norðurslóðanetinu, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og utanríkisráðuneytinu. Verkefnið er unnið með tilstyrk frá Norðurskautsráðinu og Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur verkefnisins er að auka sýnileika og skilning á mikilvægi kynjasjónarmiða á norðurslóðum.

## Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa er þátttakandi í verkefni ráðuneytis vinnumarkaðsmála í Portúgal, sem hefur að markmiði að hanna samráðsvettvang um þróun jafnlaunakerfis á portúgölskum vinnumarkaði. Samstarfið felur í sér þátttöku um hönnun rannsóknar og kortlagningu þekkingar um jafnlaunamál í Portúgal ásamt samanburði við Ísland. Jafnréttisstofa ber ábyrgð á miðlun þekkingar um jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og ráðgjöf um reynslu Íslendinga af hönnun stjórnunarstaðals um jafnlaunakerfi. Verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði EES.

## Women making waves

Jafnréttisstofa leiðir Erasmus+ verkefni sem felst í því að hanna og þróa námskeið fyrir konur sem hafa áhuga á að komast til áhrifa í atvinnulífinu. Byggðastofnun er samstarfsaðili Jafnréttisstofu ásamt aðilum í Bretlandi, Grikklandi og á Spáni. Verkefninu mun ljúka með útgáfu leiðbeininga um stefnumótun í atvinnumálum sem stuðlar að jafnri þátttöku og tækifærum kynjanna á vinnumarkaði.

## Annað samstarf

### Alþjóðlegi jafnréttisskólinn

Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna heyrir undir Hugvísindasvið Háskóla Íslands og menntar fólk til jafnréttisstarfa í þróunarlöndum og áttaksvæðum. Við skólann hefur Jafnréttisstofa um árabíl sinnt fræðslu um hlutverk, verkefni og stjórnsýslu þeirra stofnana sem starfa á sviðum jafnréttismála á Íslandi. Kennslan hefur farið fram á einum degi með fyrirlestrum og umræðum við nemendur skólans.

### Jafnréttisfulltrúar Stjórnarráðsins

Jafnréttisstofa veitir jafnréttisfulltrúum faglega ráðgjöf og heldur starfsmaður stofnunarinnar utan um samstarf fulltrúanna. Jafnréttisfulltrúar starfa á grundvelli 13. gr. jafnréttislaga og samkvæmt sérstökum starfsreglum sem kveða á um hlutverk þeirra og ábyrgð gagnvart jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

### Jafnréttisráð

Jafnréttisráð starfar á grundvelli 8. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisráð skal vera Jafnréttisstofu og ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun. Jafnréttisstofa sinni á árinu sérfræði- og skrifstofuþjónustu við Jafnréttisráð skv. samningi þar um.

### Sjávarútvegsskóli Þróunarsamvinnumiðstöðvar UNESCO á Íslandi

Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur um árabíl sinnt kennslu og leiðsögn nemenda við sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Frá haustinu 2019 hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í kennslu með fyrirlestrum um kynjaða hagstjórn og áhrif kynjasjónarmiða við rannsóknir og áætlanagerð. Þá hafði Jafnréttisstofa umsjón með leiðsögn eins af nemendum skólans, sem fjallaði um kynjasjónarmið við veiði vatnafiskstofna í Sierra Leone.

### Samstarfshópar

#### Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2018 aðgerðahóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Jafnréttisstofa á fulltrúa í aðgerðahópnum.

#### Endurskoðun jafnréttislaga

Jafnréttisstofa átti fulltrúa í starfshópi sem á árunum 2017-2018 vann að undirbúningi endurskoðunar laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og stjórnsýslu jafnréttismála. Í kjölfarið ákvað forsætisráðherra að hefja vinnu við heildarendurskoðun

laganna. Jafnréttisstofa á fulltrúa í stýrihópi vinnunnar sem og fulltrúa í starfshópum sem fjalla um einstaka kafla laganna.

### **Jafnréttissjóður**

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður með samþykki þingsályktunar 13/144 í tilefni af 100 ára kosningarréttarafmæli íslenskra kvenna. Markmið sjóðsins er að fjármagna og styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Jafnréttissjóður hefur notið framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Forsætisráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og jafn marga til vara til ársloka 2020 samkvæmt þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands. Jafnréttisstofa á fulltrúa í stjórn sjóðsins.

### **Kynjasambætting**

Undir forystu velferðarráðuneytisins er unnið að heildstæðri áætlun um sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins. Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnastjórn. Starfsmaður nefndarinnar skilaði niðurstöðu hennar til ráðuneytisins í upphafi árs 2019.

### **Kynjuð fjárlagagerð**

Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnastjórn um innleiðingu kynjaðrar fjárlagagerðar sem skipuð var af fjármálaráðherra.

### **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofunni.

### **Ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu**

Í samræmi við ákvörðun ráðherranefndar um jafnréttismál skipaði forsætisráðherra í ársbyrjun 2019 ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Jafnréttisstofa á fulltrúa í nefndinni.

### **Stýrihópur sérfræðinga um framkvæmd vottunar- og faggildingarmála**

Fulltrúi Jafnréttisstofu situr í hópnum sem skipaður var af félags- og jafnréttismálaráðherra á árinu. Hlutverk hópsins er að fjalla um þau álitamál sem upp hafa komið í innleiðingu á jafnlaunastaðli ÍST 85 og tryggja framgang jafnlaunavottunar í samræmi við lög.

### **Tækninefnd um jafnlaunakerfi**



Stjórn Staðlaráðs Íslands endurvakti á árinu tækninefnd um jafnlaunakerfi og á Jafnréttisstofa fulltrúa í nefndinni. Verkefni nefndarinnar er að endurskoða staðalinn ÍST 85 – Jafnlaunakerfi, kröfur og leiðbeiningar.

#### **Umfang áreitni og eineltis**

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2018 nefnd í því skyni að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Nefndin hefur í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands birt niðurstöður rannsókna og vinnur nú að gerð aðgerðaáætlunar. Jafnréttisstofa á fulltrúa í nefndinni.

#### **Velferðarvaktin**

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.



Jafnréttisstofa • Borgum v/ Norðurlóð • 600 Akureyri  
460 6200 • jafnretti@jafnretti.is • www.jafnretti.is